



Fundargerð

1304. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
28. janúar 2021, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Jóhann Friðrik Friðriksson,
Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi,
Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Ravens BnB ehf. - starfsleyfi fyrir gistiheimili (2021010578)

Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn og kynnti málið. Bæjarráð samþykkir að veita tímabundið leyfi þar til endurskoðað aðalskipulag liggur fyrir.

2. Vestnorden (2019080689)

Lagt fram minnisblað með áætluðum kostnaðarliðum vegna Vestnorden kaupstefnu sem áætlað er að halda 5. – 7. október 2021. Kaupstefnuna átti að halda í Reykjanesbæ í október 2020.

Bæjarráð samþykkir erindið, áætlaður kostnaður tekinn af bókhaldslykli 21-011 kr. 7.000.000.

3. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. mars 2021 (2021010591)

Lagt fram fundarboð á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 26. mars 2021 í Reykjavík. Ef aðstæður leyfa ekki samkomu þá verður þingið haldið rafrænt sama dag.

4. Fundargerð Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 8. janúar 2021 (2021010464)

Fundargerð lögð fram.

5. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 20. janúar 2021 (2021010463)

Fundargerð lögð fram.

6. Fundargerðir samráðsteymis ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum 13. október 2020 og 22. janúar 2021 (2019090706)

Fundargerðir lagðar fram.



7. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis 2021 (2021010117)

- a. Frumvarp til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl), 375. mál
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0467.html>
- b. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0625.html>
- c. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0626.html>
- d. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0462.html>

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45